

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1991

20. september 1991

773

Nr. 422

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum utan Kolbeinseyjar.

1. gr.

Frá og með 21. september 1991 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði, vestan Kolbeinseyjar, sem markast af línunum dregnum um eftirgreinda punkta:

1. 67°00'N – 19°30'V
2. 67°00'N – 21°00'V
3. 67°25'N – 21°00'V
4. 67°25'N – 19°30'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerð þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.